

## Svar

### fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Smára McCarthy um hugbúnaðarkerfið Orra.

1. *Hver er formlegur eigandi höfundaréttar að hugbúnaðarkerfinu Orra?*

Oracle og eftir atvikum Advania.

2. *Hver er heildareignarhaldskostnaður ríkisins af hugbúnaðarkerfinu Orra, sundurliðað eftir upprunalegum þróunarkostnaði, viðhaldskostnaði og kostnaði við útvíkkun á eiginleikum?*

Upprunalegur þróunarkostnaður við Orra var 1.501 millj. kr. og féll til á árunum 2001–2005. Viðhaldskostnaður ársins 2018 var 275 millj. kr. og var óvenju hár á árinu þar sem innleidd var ný útgáfa af Orra sem kostaði 163,6 millj. kr. Rekstrarkostnaður vegna Orra á árinu 2018 var 396,5 millj. kr.

3. *Hvers vegna hefur kóðinn að hugbúnaðinum ekki verið gefinn út opinberlega, í samræmi við stefnu stjórnvalda um frjálsan og opinn hugbúnað?*

Ríkið á ekki höfundaréttinn að Orra.

4. *Er auðkenningarkerfi notað til að stýra aðgangi að hugbúnaðinum og ef svo er, hvert er það kerfi?*

Notast er við innbyggt auðkenningarkerfi til að stýra aðgangi.